www.transvalproject.eu

TRANSVAL-EU

# D2.3 Hæfniprófíll

Janúar 2022

Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

# D2.3 Hæfniprófíll fyrir fagaðila í ráðgjöf og raunfærnimati

## A2.3 Hæfniviðmið og sniðhönnun

Hæfnirammi fyrir fagaðila í ráðgjöf og raunfærnimati (er varðar yfirfæranlega færni) er hluti af þriðja verkefni WP2 ásamt Viðmiðaramma fyrir yfirfæranlega færni (2.3). Markmiðið með því að skapa hanna slíkan prófíl er að útbúa efni fyrir evrópsku námið og þjálfunina sem á að fara fram Mars 2022 sem er ætlað fagaðilum í ráðgjöf og raunfærnimati sem hluta af WP3. Nýmælið í hæfniprófílnum er að hann beinist fyrst og fremst að því hvernig fagaðilar sem koma að ráðgjöf og raunfærnimati skilja og og veita yfirfæranlega hæfni í störfum sínum á öllum þrepum raunfærnimatsins og á meðan ráðgjöf er veitt.

---

Haldnir voru þrír veffundir, þar sem samstarfsaðilar sem tóku þátt í vettvangsprófunum sátu í kring um sýndarborðið, tóku þátt í að skilgreina skýr markmiðið, þarfirnar, í samræmi við samhengi landa/svæða, sem og gildi og notkun hæfniprófílsins. Starf samstarfsaðilanna var betrumbætt með fyrsta hluta WP2, sem beindist að því að safna dæmum um bestu starfsvenjur og gerð fyrirmyndar skýrslu sem veitir yfirlit yfir raunfærnimat og ráðgjöf í Evrópu (með greinilegri áherslu á löndin sem taka þátt í Transval-ESB). Þannig var yfirlitið um raunfærnimat og prófíll sérfræðinga sem koma að raunfærnimati[1] í mismunandi Evrópulöndum, útgefið af Evrópsku mennta- og félagsmálastofnuninni (EIESP) sem hefur umsjón með nýjustu skýrslunni (sem á að gefa út), lagt til grundvallar við hönnun hæfniprófíls sérfræðinga sem koma að ráðgjöf og raunfærnimati[2] (sniðinn að yfirfæranlegri hæfni). Auk yfirlitsins voru ýmsar Cedefop skýrslur, norrænir hæfniprófílar fagaðila í raunfærnimati og hæfniþróun (e. Nordic Competence Profiles of Validation Practitioners and Competence Development)[2] framlag menntarannsóknastofnunar (IBE) til þróunar hæfniprófíla fagaðila í raunfærnimati fyrir TRANSVAL-EU verkefnið[3], auk framlags FORMA.Azione og Pluriversum um IVC (Identification, Validation, Certification) kerfið fyrir þjálfun og hæfni sérfræðinga sem krafist er (lögfræðilegt sjónarhorn) – Umbria Region kerfið[4] gagnlegt við skrifborðsrannsóknirnar fyrir og á sameiginlegum fundum.

Nota á hæfnisniðið við gerð evrópskra námskrár fyrir nám og þjálfun, sem og á landsvísu og svæðisbundið. Samstarfsaðilar í verkefninu komu að vinnunni, hönnuðu

---

[1] Yfirlitið er hluti af nýjustu evrópsku skýrslunni um raunfærnimat og ráðgjöf sem verður gefin út, og er ein af afurðum Transval – EU

[2] sótt 4. nóvember 4 2021 af https://nvl.org/content/nordic-competence-profiles-for-validation-staff,.

[3] Wójcicka A., Fijałkowska B. (2021). *Contribution to the development of the competence profiles of validation practitioners for the TRANSVAL-EU project*. Warsaw: Educational Research Institute. (unpublished)

[4] Sótt 27. janúar, 2022.https://www.regione.umbria.it/documents/18/2272475/Allegato+A%29.pdf/2bccbc1c-dc8d-48e9-8bea-946ba1ea624d?version=1.0, https://www.arpalumbria.it/sistema-certificazione-delle-competenze#,

prófílinn með þá hugmynd í huga til að bregðast við fjölbreyttar þarfir, hagsmuni og svo framvegis.

Hæfniprófíllinn er grundvallast á: a) almennari yfirfæranlega hæfni ráðgjafa og raunfærnimatsaðila – þetta á við á mismunandi stigum mats og í mismunandi tilgangi (t.d. að vinna með einstaklingum í raunfærnimati, vinna með samstarfsfólki, í skipulagslegum tilgangi, eigin þróun; b ) tæknilega hæfni sem tengist notkun á áþreifanlegum verkfærum, aðferðum og tækni og svo framvegis á (a) tilteknu raunfærnimatsþrepi(um) og c) hæfni sem er sérstaklega notuð til að staðfesta yfirfæranlega hæfni / veita einstaklingum ráðgjöf í gegnum raunfærnimat á yfirfæranlegri hæfni með greiningu, skilningi, skjalfestingu og öðru því tengdu.

Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

| Hæfniprófíll fagaðila sem koma að ráðgjöf og raunfærnimati tengdu yfirfæranlegri hæfni | | |
|---|---|---|
| **Tegund** | **Hæfni** | **Þjálfunar eining[5] í evrópsku þjálfuninni** |
| **Yfirfæranleg hæfni** | ➢ Að vera fær um að tjá sig (við ráðgjöf og í raunfærnimati), þar með talið notkun munnlegra og óyrtra aðferða og mismunandi samskiptaaðferða (fer eftir samhengi, þörfum, markhópi o.s.frv.)<br>➢ **Að geta verið virkur í tengslaneti (á innra og ytra stigi), að stuðla að samvinnu milli deilda, stofnana og við aðra sérfræðinga/hagsmunaaðila**<br>➢ Að vera fær um að þróa og beita skipulagshæfileikum (eftir samhengi, þörfum, markhópum o.s.frv.)<br>➢ **Að geta tileinkað sér nýja þekkingu og uppfært þá sem fyrir er, til að ígrunda á gagnrýninn hátt persónulega færni og umbótamöguleika (í anda símenntunarnálgunar)**<br>➢ Að geta beitt og fylgt faglegum siðareglum og siðareglum starfsgreina tengdum ráðgjafar- og tengjast ráðgjafar- og raunfærnimatsferlum, í samræmi við samhengi og markhópa<br>➢ Að vera fær um að bera virðingu fyrir og stuðla að fjölbreytileika og jafnrétti kynjanna samhliða framkvæmd ráðgjafar og raunfærnimats.<br>➢ Að geta starfað í samræmi við ákvæði laga og annarra reglugerða sem tengjast ráðgjafar- og raunfærnimatsferlum<br>➢ Að geta greint flókna eiginleika einstaklings, væntingar þeirra og aðlaga viðhorf samkvæmt því | **TU 5**<br><br>**TU 3/7/Allir** |

[5] TU 1: Viðmiðarammi ESB um yfirfæranlega hæfni; TU 2: Betrumbæta áreiðanleika matsins, skilja lýsingar TU 3: Raunfærnimatsferli yfirfæranlegrar hæfni TU 4: Raunfærnimatsferli yfirfæranlegrar hæfni: verkfæri og aðgerðir; TU 5: Samstarf við jafningja og hagsmunaaðila; TU 6: Aðlögun samhengis að innlendu samhengi; TU 7: Mat á þjálfuninni.

Co-funded by the Erasmus+ Programme of the European Union

| | | |
|---|---|---|
| **Tæknileg hæfni** | ➢ Að geta skilgreint og útskýrt hvern áfanga raunfærnimatsferlisins á skýran hátt og notkun tengdra skjala, sérstaklega fyrir hvern áfanga | |
| | ➢ **Að geta greint muninn á hlutverkum, skyldum og ábyrgð fagaðila sem koma að ráðgjafar- og raunfærnimatsferli (verkefnastjóra, matsaðila og ráðgjafa o.s.frv.)** | **TU 5** |
| | ➢ Að geta skilið hæfniramma (EQF, NQF, atvinnugreinar o.s.frv.) og túlkað/greint færni einstaklings í samræmi við þá (þ.e. að greina færni einstaklings, flokka á hæfniþrep o.s.frv.) | |
| | ➢ **Að geta aðlagað og/eða hannað aðferðir og verkfæri til að nota í ráðgjafar- og raunfærnimatsferli (eftir þörfum, samhengi, markhópum o.s.frv.)** | |
| | ➢ Að geta útskýrt tilgang ráðgjafar- og raunfærnimatsferlis fyrir einstakling sem gengur í gegnum ferlið | **TU 2** |
| | ➢ **Að geta stutt einstakling við að bera kennsl á, skjalfesta og (sjálfs-)mati á hæfni sinni með því að beita viðeigandi aðferðum og verkfærum, þar á meðal stafrænum verkfærum, bæði í einstaklingsviðtölum eða í hóptímum** | **TU 3/4** |
| | ➢ Að geta greint gögn og yfirlýsingar sem einstaklingurinn leggur fram í í ráðgjafar- og raunfærnimatsferli | |
| | ➢ Að geta veitt endurgjöf á hvaða stigum sem er í raunfærnimatsferlinu/ráðgjöfinni | |
| | ➢ **Að geta beitt meginreglum um gæðavottun í ráðgjafar- og raunfærnimatsferlum** | |
| | ➢ Að geta útskýrt fyrir einstaklingi hvernig hægt er að nota niðurstöður raunfærnimats og ráðgjafar | **TU 7** |
| | ➢ Að geta aðstoðað einstakling við að útfæra lífs-/starfsferiláætlun með skýrum markmiðum og leiðum til að ná þeim | |
| | ➢ Að geta aðstoðað einstakling í gegnum stjórnunarferla sem tengjast raunfærnimats- og ráðgjafarferlum | |
| | ➢ Að geta gefið út viðeigandi opinber skjöl, í samræmi við evrópska/innlenda/svæðisbundna staðla og/eða upplýsa hvernig slík skjöl muni berast | |
| | ➢ Að geta beitt upplýsingatækni sem tengist einu eða fleiri þrepum raunfærnimats- og ráðgjafarferli | |

| | | |
|---|---|---|
| **Hæfni sem beitt er til að meta sérstaklega yfirfæranlega hæfni/leiðbeina einstaklingum með eigin yfirfæranlega hæfni** | ➢ **Að geta skilið og nýtt sér viðmiðaramma fyrir yfirfæranlega hæfni( evrópska, á landsvísu og/eða svæðisbundnum vettvangi) og túlkað/greint hæfni einstaklings samkvæmt þeim**<br><br>➢ Að geta greint og útskýrt hvert þrep í raunfærnimatsferlinu og skjöl sem tengjast því, með sérstakri áherslu á yfirfæranlega hæfni<br><br>➢ **Að geta aðlagað og/eða hannað aðferðir og tól sem nýtast við ráðgjafar- og raunfærnimatsferli, aðlöguð fyrir yfirfæranlega hæfni**<br><br>➢ **Að geta stutt einstakling við sjálfsmat, að bera kennsl á og skjalfesta yfirfæranlega hæfni með því að beita viðeigandi aðferðum og verkfærum, þar á meðal stafrænum verkfærum, bæði í einstaklingsviðtölum eða í hóptímum**<br><br>➢ **Að geta valið og/eða aðlagað hentugustu tólin og aðferðirnar til að meta yfirfæranlega hæfni, úr úrvali mismunandi tækja og aðferða**<br><br>➢ **Að geta veitt endurgjöf á hvaða stigi sem er í raunfærnimats-/ráðgjafarferlinu með því að beita viðeigandi aðferðum og tæki til að gera yfirfæranlega hæfni einstaklings sýnilega**<br><br>➢ Að geta aðstoðað einstakling í stjórnunarferlum sem tengjast raunfærnimats- og ráðgjafarferlum, þar á meðal við að fylla út opinber skjöl með vísan til yfirfæranlegrar hæfni þeirra | **TU 1/2**<br><br>**TU 3/4**<br><br>**TU 3/4**<br><br>**TU 3/4**<br><br>**TU 3/4**<br><br>**TU3/4** |

Co-funded by the Erasmus+ Programme of the European Union